

## ✉ Malarnám í Bugamel í landi Norðurkots

Búið til	29.1.2021 14:56:39
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	29.1.2021 14:56:39
Tilheyrir	📁 202101-0046 - Malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík

### Efni

Malarnám í Bugamel í landi Norðurkots

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	29.1.2021 14:56:39	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-8 Umsagnir um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

### Innihald

Mál: 202101-0046 IAS/SB/LA

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá 14. janúar sl., þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots ásamt greinagerð.

Náman er sunnan við svæði á náttúruminjaskrá, Ósmelur og Hvalfjarðareyri (138). Á vef Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>) (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>) stendur: „Ósmelur er stór og fagur jökulgarður frá síðjökultíma. Meðfram ströndinni eru jarðlög með fornskeljum. Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Svæði í nánd við þéttbýli með mikið útivistar- og fræðslugildi.“

Mörkum náttúruminjasvæðisins var breytt árið 2011 og er norðurhluti námunar (sem ekki er lengur unnið úr) innan marka náttúruminjasvæðisins.

Til stendur að stækka námuna til suðurs um 1 ha og verður því heildarstærð raskaðs lands um 5 ha. Náman er með framkvæmdaleyfi frá 2016 þar sem heimilt er að vinna 75.000 m<sup>3</sup> úr námunni og gildir námuleyfið til 10. febrúar 2030. Í dag hafa verið teknir um 250.000-275.000 m<sup>3</sup> af mól úr námunni og núna er sótt um að vinna 74.000 m<sup>3</sup> til viðbótar. Samhliða því sem tekið er úr námunni er tekið á móti hreinum jarðvegsefnum til uppfyllingar og landmótunar til að halda „upprunalegri ásýnd“ svæðisins.

Allar eldri umsagnir um fyrri stækkun námunnar voru sammála um að hún þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Ólíklegt er að stækkunin hafi meiri áhrif núna en vissulega hefur hún staðbundin áhrif á ásýnd landsins. Við stækkun færast náman og námuvinnsla nær íbúðarhúsinu við Laufbrekku sem verður helst fyrir áhrifum vegna hávaða og hugsanlegum óþægindum vegna ryks eða sandfoks.

Náttúrufræðistofnun telur námuna við Bugamel vissulega hafa staðbundin áhrif á ásýnd landsins. Hinsvegar, breytir í raun litlu frá því sem þegar er þó náman stækki til suðvesturs meðfram þjóðveginum. Þá er það eitt sjónarmið að betra sé að halda áfram með þessa námu upp að einhverju ákveðnu marki, frekar en að byrja á nýjum efnistökuöðum. Mikilvægt er þó að öll umgegni innan og við námusvæðið sé góð og passað sé að ekki rofni úr námunni til norðurs svo ásýnd svæðisins haldist þegar ekið er út sunnanverðan Hvalfjörð til suðvesturs.

Jarðgrunnur svæðisins við Norðurkot og Ósmela er mikilvægur fyrir jöklunar- og umhverfissögu landsins. Mikil tækifæri felast í rannsóknum á jarðmyndunum í sjávarbökkum Ósmela. Þar finnast sjávarsetlög með steingerðum skeljum sem mynduðust í lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 12.600 árum. Steingervingar njóta verndar samkvæmt 60. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Í Ósmelum eru náttúrulegar opnur í sjávarbökkunum þar sem hægt er að skoða innri gerð jarðmyndana. Þessar opnur eru fyrst og fremst vísindalega mikilvægar fyrir jöklunarsögu Hvalfjarðar í heild sinni og Hvalfjörður er mjög mikilvægur fyrir jöklunarsögu landsins. Því er mikilvægt að ekki sé verið að sækja efni úr Ósmelum og að þess sé gætt að ekki verði röskun á þessum náttúrulegu opnum eða sjávarbökkum Ósmela.

Svæðið norðaustur af námunni þar sem Kiðafellsá rennur og hefur rofið úr Ósmelum er áhugavert til rannsókna og er jafnvel mikilvægt í vísindalegu tilliti. Forðast ætti allt rask á svæðinu niður með Kiðafellsánni. Svæðið er á náttúrminjaskrá en hefur verið minnkað. Náttúrufræðistofnun Íslands er að endurskoða náttúruminjar á núgildandi náttúruminjaskrá og mun skoða nánar mörk Ósmela.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að stækkun malarnámu til suðurs um 1 ha í landi Norðurkots muni ekki hafa meiri áhrif á ásýnd svæðisins en er nú þegar. Hinsvegar á ekki að leyfa frekari stækkun námunnar til norðurs eða norðvesturs eða veita framkvæmdaleyfi fyrir nýjum efnistökuöðum innan svæðisins.

Bestu kveðjur,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is>)

**From:** "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>

**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>

**CC:**

**Subject:** Umsagnarbeiðni

**Date:** 14.1.2021 15:42:34

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun um aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík, ásamt greinagerð. Frestur til að skila inn umsögnum er til 29. janúar n.k. Gögnin hafa einnig verið póstlögð.

Með kveðju, / Kind regards,

---

**Tinna Jónsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)